

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 20. mars 1985****um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni****(85/210/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

þykkt af ráðinu og fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman innan ráðsins, með samþykkt frá 7. febrúar 1983 ⁽⁵⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

Núverandi ósamræmi og ósamræmi í framtíðinni milli landslaga aðildarríkjanna um samsetningu bensíns, einkum er lúta að reglum um takmarkanir á blý- og bensenmagni í bensíni fyrir vélknúin ökutæki, kann að hafa bein áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

Olíuhreinsunartækni gerir kleift að minnka blýmagn í blýbensíni í 0,15 g Pb/l án þess það hafi neikvæð áhrif á eiginleika bensíns.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Um þessar mundir og í framtíðinni verður eitt meginviðfangsefnið í öllum iðnríkjum að vernda og bæta almannaheilbrigði og umhverfi. Líta verður alvarlegum augum á þau áhrif sem mengun af völdum efna í útblásturslofti ökutækja hefur á almannaheilbrigði og umhverfi sakir stöðugt vaxandi umferðar vélknúinna ökutækja.

Að draga úr og, endanlega, að sleppa blýi úr bensíni mun bæta heilsuvernd íbúanna, sérstaklega á landsvæðum þar sem umferðarþungi er mikill. Einnig er æskilegt að koma skjótt á notkun blýlauss bensíns svo unnt sé, þar sem við á, að beita ákveðinni mengunarvarnartækni sem ætlað er að draga verulega úr mengandi útblæstri frá vélknúnum ökutækjum, einkum nituroxíðum og óbrenndum kolvetnasamböndum.

Með tilskipun ráðsins 78/611/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni ⁽⁴⁾ var hámark leyfilegra blýsambanda í bensíni ákvarðað á bilinu 0,40 – 0,15 g/l.

Í þriðju umhverfisáætluninni er gert ráð fyrir frekari viðleitni til að draga verulega úr núverandi mengun af völdum útblásturs, en almenn stefna þeirrar áætlunar var sam-

Blýbensín verður að vera fánlegt áfram á mörkuðum aðildarríkjanna um ákveðinn tíma samhliða blýlausu bensíni til þess að uppfylla þarfir stórs hluta núverandi ökutækjafloata að teknu tilliti til ríkjandi efnahagslegra og tæknilegra aðstæðna.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 178, 6. 7. 1984, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 12, 14. 1. 1985, bls. 56.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 25, 28. 1. 1985, bls. 46.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 197, 20. 7. 1978, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

Gera ber aðildarríkjunum kleift að koma blýlausu bensíni á markaði sína áður en lögbodinn dagur til þess, sem ákveðinn hefur verið fyrir bandalagið í heild, rennur upp, vegna þess hve forvarnarráðstafanir gegn skaðvænlegum áhrifum á almannaheilbrigði og umhverfi eru mikilvægar.

Einnig ber að takmarka bensenmagn í bensíni til þess að vernda almannaheilbrigði.

Tryggja ber eiginleika blýlauss „gæðabensíns“, að því er lágmarksprófunaroktan- og hreyfilsoktantölur varðar, til þess að víst sé að rekstur vélknúinna ökutækja, sem gerð eru fyrir þannig bensín, gangi eðlilega innan bandalagsins.

Unnt ætti að vera að setja á markað aðra gerð af blýlausu „venjulegu“ bensíni með lægri oktantölu.

Blý er einungis íblöndunarefni í bensíni. Að draga úr eða sleppa blýi má ekki hafa þær afleiðingar að veruleg aukning verði á öðrum mengunarefnum í útblásturslofti frá vélknúnum ökutækjum vegna breytinga á samsetningu bensíns.

Þótt dregið sé úr blýmagni og blýlaust bensín sé tekið í notkun á tilteknum tíma, má það ekki á neinn hátt hafa áhrif á frjálsa dreifingu eða á markaðssetningu bensíns innan bandalagsins.

Til þess að tryggja að neytendur fái rétta gerð af bensíni er krafist reglubundins eftirlits með blý- og bensenmagni í bensíni á lokastigi dreifingar.

Ákveðinn hluti núverandi ökutækjafloata gæti gengið fyrir blýlausu bensíni. Þess vegna ber að beina þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau geri allar viðeigandi ráðstafanir sem samrýmast sáttmálanum til þess að stuðla að eins víðtækri notkun blýlauss bensíns og unnt er.

Halda ber áfram frekari rannsóknum innan bandalagsins á ákveðnum þáttum þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að draga úr styrk blýs eða annarra mengunarefna sem koma í stað blýs í andrúmslofti. Aðildarríkjunum ber, þar sem við á, að veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta.

Frekari þróun aðferða sem beita skal til að mæla blý- og bensenmagn í bensíni og útreikninga oktantalna sem greint er frá í tilskipun þessari, kann að vera æskileg í ljósi framfara í vísindum og tækni á þessu sviði. Í því augnamiði að auðvelda nauðsynlegar framkvæmdir í þessum tilgangi ber að ákvarða málsmeðferð til að koma á nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan nefndar um aðlögun að framförum í vísindum og tækni.

Undanskilja ber frönsku umdæmin handan hafsins frá gildissviði tilskipunar þessarar sakir legu þeirra og þeirra afleiðinga sem það gæti haft fyrir olíumarkaði þeirra að beita henni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í tilskipun þessari merkir:

- a) „bensín“: allar rokgjarnar jarðolíur sem ætlaðar eru til þess að knýja með neistaikveikju brunahreyfla sem notaðir eru til þess að knýja ökutæki áfram;
- b) „blýlaust bensín“: allt bensín sem inniheldur minni mengun af völdum blýsambanda, útreiknað sem blý, en 0,013 g Pb/l;
- c) „blýbensín“: allt bensín annað en blýlaust bensín. Leyfilegt hámark blýsambanda í því, útreiknað sem blý, skal ekki vera meira en 0,40 g Pb/l og ekki minna en 0,15 g Pb/l.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, frá gildistöku tilskipunar þessarar og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., tryggja áfram að blýbensín sé fánlegt á yfirráðasvæðum þeirra og sem víðast.
2. Reynist aðildarríki erfitt að standa við þau mörk sem gilda um hámark blýs í blýbensíni vegna skyndilegra breytinga á hráolíubirgðum eða birgðum af jarðolíuafurðum, er aðildarríkinu heimilt að leyfa hærri mörk á yfirráðasvæði sínu í fjóra mánuði eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það. Ráðinu er heimilt að framlengja fyrrnefnt tímabil með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta atkvæða að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.

3. Aðildarríkin skulu, strax og þau telja það við hæfi, lækka leyfilegt magn blýsambanda, útreiknað sem blý, í blýbensíni sem sett er á markaði þeirra í 0,15 g Pb/l.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. október 1989 sé blýlaust bensín fánlegt á yfirráðasvæðum þeirra og sem víðast.

Fyrsta undirgrein skal ekki koma í veg fyrir að ráðstafanir verði gerðar til að koma blýlausu bensíni á markað í aðildarríki fyrir 1. október 1989.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að víkja frá fyrstu undirgrein 1. mgr. um fjögurra mánaða skeið ef ómögulegt reynist að svara eftirspurn eftir blýlausu bensíni með þá eiginleika sem greint er frá í 1. mgr. 5. gr. vegna skyndilegra breytinga á hráolíubirgðum eða birgðum af jarðolíuafurðum. Þó skal kappkostað að viðhalda lágmarksdreifingarkerfi fyrir blýlaust bensín. Ráðinu er heimilt að framlengja fjögurra mánaða tímabilið með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta atkvæða að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.

3. Aðildarríkjunum er heimilt með undanþágu fram til 1. apríl 1990 að leyfa að mengun af blýsamböndum í blýlausu bensíni fari upp fyrir 0,013 g Pb/l með því skilyrði að þau fari ekki upp fyrir 0,020 g Pb/l. Fram til þess dags ber að festa áletrun á allar dælur sem dæla blýlausu bensíni þar sem skýrt kemur fram að blýmagn fer ekki upp fyrir 0,020 eða 0,013 g Pb/l ásamt viðbótarráðleggingum sem við eiga.

4. gr.

Frá 1. október 1989 skal bensenmagn í blýbensíni og í blýlausu bensíni vera innan við 5,0% miðað við rúmmál.

Þar sem ákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 3. gr. eru hagnýtt skulu þessi bensenmörk gilda fyrir blýlaust bensín frá þeirri dagsetningu sem valin er til að koma því bensíni fyrir á markað innan aðildarríkis.

5. gr.

1. Blýlaust bensín sem er á boðstólum samkvæmt 3. gr. tilskipunar þessarar skal hafa lágmarkshreyfilsoktantölu (MON) 85,0 og lágmarksprófunaroktantölu (RON) 95,0 frá dælu („gæðabensín“), með fyrirvara um ákvæði 2. mgr.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að blýlausu bensíni af annari gerð með lægri oktantölur en kveðið er á um í 1. mgr. („venjulegt bensín“) sé komið á markað aðildarríkis.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þótt dregið sé úr blýmagni í bensíni eða blýlaust bensín tekið í notkun þá valdi það ekki marktækri aukningu í fjölda og/eða magni mengunarefna í útblásturslofti vélknúinna ökutækja.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu hvorki koma í veg fyrir né takmarka frjálsa dreifingu og markaðssetningu bensíns, sem er í samræmi við tilskipun þessa, á grundvelli blý- eða bensenmagns, samanber þó 2. mgr.

2. Þegar aðildarríki beitir ákvæðum 3. mgr. 2. gr. skal leyfilegt hámark blýs í blýbensíni sem sett er á markað í því aðildarríki vera ákvarðað 0,15 g Pb/l.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að í endanlegri dreifingu sé fylgt ákvæðum um hámark blýs og bensens í bensíni og um eiginleika bensíns að því er oktantölu varðar.

2. Þegar aðildarríki kemst að raun um að bensín samræmist ekki ákvæðum 1., 2., 4. og 5. gr. skal það, án ótilhlýðilegra tafa, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þeim ákvæðum.

9. gr.

1. Blýmagn í bensíni skal staðfesta í samræmi við reglur sem settar eru fram í I. þætti viðaukans.

2. Bensenmagn í blýbensíni og í blýlausu bensíni skal staðfesta í samræmi við reglur sem settar eru fram í II. þætti viðaukans.

3. Oktantölur (MON og RON) blýlauss bensíns skal ákvarða í samræmi við reglur sem settar eru fram í III. þætti viðaukans.

10. gr.

Málsmeðferð sú sem ákveðin er í 11. og 12. gr. til að laga tilskipun þessa að tækniframförum skal ná til þeirrar þróunar sem verður í sambandi við þær aðferðir sem beita skal við greiningu sem greint er frá í viðaukanum, einkum með hliðsjón af öðrum samsvarandi aðferðum.

Þessi aðlögun má ekki leiða til þess að markgildum sem tilgreind eru í tilskipun þessari sé breytt beint eða óbeint.

11. gr.

1. Stofna skal nefnd um aðlögun tilskipunar þessarar að framförum í vísindum og tækni, hér á eftir kölluð „nefndin“, í því augnamiði að beita 10. gr. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar aðildarríkjanna og er fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar formaður hennar.

2. Nefndin setur sér eigin starfsreglur.

12. gr.

1. Þegar skírskotað er til málsmeðferðar þeirrar sem ákveðin er í tilskipun þessari skal formaður kalla nefndina saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fyrir nefndina drög að ráðstöfunum þeim sem gera á. Nefndin skal gefa álit sitt á drögunum innan frests sem formaður hennar setur með hliðsjón af því hversu málið er brýnt. Samþykkinga skal ákvarðanir með fjörutíu og fimm atkvæða meirihluta, þar sem atkvæði aðildarríkjanna eru vegin eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður nefndarinnar greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykka áformaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu áformaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit, skal framkvæmdastjórnin tafarlaust leggja tillögu um viðeigandi ráðstafanir fyrir ráðið til samþykktar. Aukinn meirihluti gildir í atkvæðagreiðslu ráðsins.

Framkvæmdastjórnin samþykkir áformaðar ráðstafanir hafi ráðið ekki komist að niðurstöðu um tillöguna þremur mánuðum eftir að hún barst því.

13. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eins og unnt er að blýbensín sé ekki notað á vélknúin ökutæki sem gerð eru fyrir blýlaust bensín.

14. gr.

Aðildarríkin eru hvött, í því augnamiði að beita ákvæðum 3. gr., til að stuðla að eins víðtækri notkun blýlauss bensíns og unnt er á öll ökutæki sem til eru og geta gengið fyrir slíku eldsneyti. Í þeim tilgangi eru þau hvött til að gera þær ráðstafanir sem þau telja við hæfi og eru í samræmi við sáttmálann.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eins fljótt og við verður komið, leggja fyrir framkvæmdastjórnina upplýsingar um:

- þá dagsetningu þegar blýlausu bensíni er komið á markað í samræmi við ákvæði 3. gr.;
- fyrirhugaðar ráðstafanir samkvæmt 14. gr.

2. Aðildarríkin skulu, að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar, leggja fram:

- a) tiltækar upplýsingar um árlegt magn af blýbensíni og blýlausu bensíni sem þau hafa afgreitt á innri markað bandalagsins;
- b) yfirlit um árangur þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr.;
- c) tiltækar upplýsingar um afleiðingar þær sem beiting tilskipunar þessarar hefur, og einkum 6. gr., á:
 - þróun að því er varðar styrk blýs og mengunarefna sem koma í stað blýs í andrúmslofti;
 - stefnu í orkumálum, einkum á sviði hreinsunar og dreifingar.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1986. Þau tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

17. gr.

Tilskipun 78/611/EBE gildir ekki eftir 31. desember 1985.

18. gr.

Tilskipun þessi tekur ekki til frönsku umdæmanna handan hafsins.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

A. BIONDI

forseti.

VIDAUKI

Tilvísunaraðferðir

Að því er varðar tilvísunaraðferðir skulu útgáfur á mismunandi tungumálum sem Alþjóðlega staðlastofnunin (ISO) og ASTM gefa út hvor um sig gilda, svo og útgáfur á öðrum tungumálum sem framkvæmdastjórnin staðfestir að séu í samræmi við þær.

I. Tilvísunaraðferð til að mæla blýinnihald bensíns**A. Blýbensín**

Tilvísunaraðferð til að mæla blýinnihald bensíns skal vera sú sem mælt er fyrir um í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 3830 (viðurkennd útgáfa frá 1981).

B. Blýlaust bensín

Tilvísunaraðferð til að mæla snefilblýinnihald bensíns skal vera sú sem mælt er fyrir um í staðli ASTM D. 3237 (viðurkennd útgáfa dagsett 31. ágúst 1979) þar sem atómgleypnimæling er notuð.

II. Tilvísunaraðferð til að mæla benseninnihald bensíns

Tilvísunaraðferð til að mæla benseninnihald bensíns skal vera sú sem mælt er fyrir um í staðli ASTM D. 2267 (viðurkennd útgáfa frá 1978) þar sem gasgreiningarákvörðun með pólaðri súlu og innri staðli er notuð.

III. Tilvísunaraðferðir til að ákvarða oktantölur

Ákvarða skal oktantölur (hreyfilsoktantala og prófunaroktantala) með aðferðunum sem lýst er í stöðlum Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 5164 og 5163 hvorum um sig (viðurkennd útgáfa frá 1981).

IV. Túlkun niðurstaðna

Túlka skal niðurstöður einstakra mælinga á grundvelli aðferðar sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (útgefinn 1979).
